

Ákvörðun þolenda ofbeldis að tilkynna brot til lögreglu

Margrét Valdimarsdóttir, dósent við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri

Útdráttur

Aðeins hluti þolenda ofbeldis tilkynnir til lögreglu og vanmetur því opinber afbrotatölfræði raunverulegan fjölda brota. Þar sem að vilji fólks til að tilkynna er mismunandi á milli hópa innihalda gögnin einnig kerfisbundna skekkju. Þannig getur verið að gögn sem eru notuð til að móta stefnu- og lagabreytingar í réttarkerfinu gefi upp ranga mynd af algengi og eðli brota. Í rannsókninni er skoðað hvaða tengsl tegund brotaflokks, félagsleg staða þolenda, og traust til lögreglu hafa á ákvörðun um að tilkynna ofbeldi. Rannsóknin byggir á samsettu gagnasetti þolendakannana sem lagðar voru fyrir árlega frá 2014 til 2021 (n = 19.440). Niðurstöður sýna að hlutfallslega færri þolendur kynbundins ofbeldis tilkynna til lögreglu en þolendur allra annarra brotaflokka. Mat þolanda á alvarleika brotsins hefur sterkustu áhrif á hvort ofbeldi er tilkynnt til lögreglu. Ungt fólk og fólk utan höfuðborgarsvæðisins leitar síður til lögreglu en aðrir hópar. Í greininni er farið yfir flókin tengsl á milli trausts til lögreglu og ákvarðana um að tilkynna ofbeldi. Rannsóknin gefur til kynna að fólk sem hefur nýlega reynslu af ofbeldi beri minna traust en þau sem ekki hafa slíka reynslu, og traust er minna hjá þolendum kynbundins ofbeldis sem hafa tilkynnt en þeim sem ekki hafa tilkynnt til lögreglu. Þetta á ekki við um annars konar líkamsárásir. Rannsóknin gefur auk þess til kynna hlutfallslega fleiri þolendur alvarlegs ofbeldis í nánnum samböndum tilkynni nú en á árunum 2014 til 2017.

Efnisorð: Tilkynningar til lögreglu; þolendur ofbeldis; kynbundið ofbeldi.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 18, Issue 1 (27-52)

© 2022 Contact: Margrét Valdimarsdóttir, margretv@unak.is

Article first published online June 23rd 2022 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 1. tbl. 18. árg. 2022 (27-52) Fræðigreinar

© 2022 Tengiliður: Margrét Valdimarsdóttir, margretv@unak.is

Vefbirting 23. júní 2022 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.1.2>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

Decisions to report violent victimization to the police

Abstract

As most crimes are never reported, official police data underestimates the true extent of crimes. Decisions to report also varies between groups resulting in a systematic bias in data used to form policy changes in the criminal justice system. The current research focuses on the impact that crime types, victims SES, and trust towards the police has on decisions to report. The study uses a combined dataset of victimization surveys conducted annually from 2014 to 2021 (n = 19,440). Results show that fewer victims of gender-based violence report than victims of other types of crimes. Victims' perception of the seriousness of the violence has the strongest impact on decision to report. Young people and people in rural areas are less likely to report than other groups. The article reviews the complex relationship between trust towards the police and decisions to report violence. The findings indicate that a recent experience of violent victimization reduces trust towards the police. Reporting gender-based violence has a tendency to reduce trust towards the police but reporting other types of physical violence is associated with increased trust. The results also show that victims of serious intimate partner violence have become more likely to report to the police in recent years than before 2018.

Keywords: Reporting victimization to the police; violent victimization; gender-based violence.

Inngangur

Aðeins hluti þolenda afbrota tilkynnir brotin til lögreglu (Baumer & Lauritsen 2010; Goudriaan o.fl. 2004; Xie & Baumer 2019). Töluvert vanmat er því í opinberum gögnum á raunverulegum fjölda afbrota sem framin eru í samfélaginu. Jafnframt sýna erlendar rannsóknir að opinber gögn innihalda kerfisbundna skekkju þannig að hlutfallslega lítill hluti kynbundins ofbeldis (sbr. kynferðisbrot og ofbeldi í nánnum samböndum) er tilkynntur í samanburði við annars konar brot (Morgan & Oudekerk 2019; Torrente o.fl. 2017).

Góð þekking á vilja fólks til að leita til lögreglu í kjölfar ofbeldis hefur ekki síður hagnýta þýðingu en fræðilega. Eðli hefðbundinnar löggæslu er að bregðast við brotum sem lögregla fær vitneskju um í gegnum tilkynningar borgaranna (Skogan 1984; Baumer & Lauritsen 2010; Greenberg & Ruback 1992). Til þess að tryggja öryggi fólks þarf lögreglan á samvinnu þolenda að halda. Lág tilkynningarhlutfall kemur í veg fyrir að gerendur þurfi að bera ábyrgð á brotum sínum og dregur þannig úr fælingarmætti réttarkerfisins (Bachman 1993; Hanson o.fl. 2003). Það er jafnframt afar mikilvægt að skilja hvers vegna þolendur ofbeldis tilkynna ekki þannig að bæta megi verklag lögreglu. Fjölgun tilkynninga getur leitt til fjölgunar þolenda sem fá viðeigandi aðstoð og vernd frá lögreglu, sem og fjölgunar á þeim sem upplifa réttlæti í kjölfar ofbeldis (Marchetti 2012; Ruback & Thompson 2001).

Fjöldi erlendra rannsókna benda til þess að kyn, aldur, menntun og búseta þolenda hafi áhrif á hvort brot er tilkynnt til lögreglu (sjá yfirlit í t.d. van de Weijer o.fl. 2020; Xie & Baumer 2019). Ef sömu þættir tengjast vilja fólks hérlendis til að tilkynna og í öðrum löndum vanmeta opinber lögreglugögn á Íslandi algengi ofbeldis gegn ungu fólki, gegn fólki sem hefur stutta formlega menntun og gegn þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins (Baumer & Lauritsen 2010; Boateng 2018; Hullenaar & Ruback 2020; Slocum 2018), og að einhverju leyti ofbeldi gegn körlum (Ruback o.fl. 1999; Saxton o.fl. 2021; Zaykowski o.fl. 2019) meira en gegn öðrum hópum.

Opinber gögn lögreglu eru notuð til að draga ályktanir um algengi og eðli afbrota í samfélaginu. Þær ályktanir eru notaðar til að meta þörf á stefnu- og lagabreytingum í löggæslu eða til að meta áhrif af breytingum sem þegar hafa verið gerðar (Hardy 2019; Langton o.fl. 2012). Þannig munu ályktanir sem dregnar eru af opinberum lögreglugögnum sem innihalda kerfisbundnar skekkjur vera rangar. Ef samfélagsbreytingar leiða til þess að hærra hlutfall þolenda leitar til lögreglu en áður er hætta á að dregin sé sú ályktun að brotunum sjálfum sé að fjölga, sem væri dæmi um ranga ályktun.

Markmið rannsóknarinnar er að prófa tilgátur byggðar á kenningum um viðbrögð fólks við afbrotum. Í fyrsta lagi er lögð fram sú tilgáta að kynbundið ofbeldi sé síður tilkynnt en annars konar brot. Innan hvers ofbeldisbrotaflokkis er gert ráð fyrir að mat þolanda á alvarleika brotsins ýti undir tilkynningu. Í öðru lagi eru prófaðar tilgátur um að félagsleg staða þolanda (aldur, menntun, kyn og búseta) tengist ákvörðun þolanda um að tilkynna. Þá verður kannað að hvaða leyti traust til lögreglu tengist tilkynningum þolanda ofbeldis. Að lokum, verða breytingar á hlutfalli tilkynninga skoðaðar yfir tíma. Rannsóknin bætir við mikilvægri nýrri fræðilegri þekkingu þar sem hún er fyrsta sinnar tegundar hérlendis. Á Íslandi ríkir meiri félagslegur jöfnuður, einsleitni og traust til lögreglu en mjög víða (t.d. Sjöfn Vilhelmsdóttir & Gunnar Helgi Kristinsson 2018) og því ekki skýrt hvor að þeir þættir sem erlendar rannsóknir benda til að tengjast ákvörðun þolanda um að leita til lögreglu eigi við hér.

Í rannsókninni er notað samsett gagnasafn úr þolandakönnunum sem framkvæmdar voru fyrir embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2014 til 2021. Í þessum nafnlausu könnunum var úrtak landsmanna spurt hvort það hefði orðið fyrir ofbeldi árinu áður en könnun var lögð fyrir og í kjölfarið spurt hvort það hefði tilkynnt ofbeldið til lögreglu. Þannig er hægt að skoða hvað greinir hópinn sem tilkynnti frá þeim sem tilkynnti ekki. Niðurstöður rannsóknarinnar eru að mestu í samræmi við fyrri erlendar rannsóknir.

1. Kenningarlegur bakgrunnur og fyrri rannsóknir

1.1 Einkenni brotsins og tilkynningar til lögreglu

Fjöldi rannsókna sýnir að tilkynningahlutfall er mismunandi eftir tegund brota (Baumer & Lauritsen 2010; Goudriaan o.fl. 2004; Kääriäinen & Sirén 2011). Fólki sem verður fyrir líkamsárás eða innbroti er til að mynda mun líklegra til að tilkynna brot til lögreglu en fólki sem verður fyrir þjófnaði eða annars konar auðgunarbroti (Baumer & Lauritsen

2010). Auk þess ýta þættir er tengjast alvarleika innan brotaflokks ákvörðunum þolenda um að tilkynna. Líkamlegir áverkar, vopnaburður og fjöldi geranda, sem og mikið verðmæti þýfis, auka líkur á að brot sé tilkynnt (Ackers & Kaukinen 2009; Pinciotti & Seligowski 2019). Fræðimenn hafa því dregið þá ályktun að alvarleiki brotsins sé sterkasti skýringarþátturinn í ákvörðun brotaþola um að tilkynna til lögreglu (Baumer & Lauritsen 2010; Goudriaan o.fl. 2004; Kääriäinen & Sirén 2011), sem hefur verið skýrt með kenningum sem falla undir skynsemissjónarhornið (e. rational choice theories) (Gottfredson & Gottfredson 1988; Skogan 1984).

Samkvæmt skynsemissjónarhorninu taka þolendur afbrota ákvörðun um að tilkynna brot til lögreglu á sama hátt og þeir taka aðrar ákvarðanir í lífi sínu; með því að meta hvort ávinningur af því að tilkynna svari kostnaði. Ávinningur af því að tilkynna getur verið fjárhagslegur (t.d. miskabætur, eða með því endurheimta stolna hluti), en getur líka verið að koma í veg fyrir að gerandi brjóti aftur á þolanda eða á öðru fólki. Réttlæti sem þolandi upplifir þegar gerandi er handtekinn og þarf að taka út refsingu fyrir brot sitt getur jafnframt verið ávinningur fyrir þolanda (Baumer & Lauritsen 2010; Slocum 2018; Tarling & Morris 2010). Niðurstöður úr viðamiklum þolendakönnunum þar sem fólk sem tilkynnti er spurt hvers vegna það hafi tilkynnt, sýna einmitt að algeng ástæða fyrir því að þolendur tilkynna brot er að þeir telja það mikilvægt réttlætismál eða þeir vilja koma í veg fyrir að brotið endurtaki sig (Felson o.fl. 2002; van de Weijer o.fl. 2020).

Alvarlegustu afleiðingarnar fyrir þolanda af því að tilkynna brot eru þegar samskipti við lögreglu verða til þess að gerandi hefnir sín og brýtur enn frekar á þolanda (Reaves 2017). Kostnaður getur jafnframt verið sá tími og sú orka sem fer í að tilkynna, t.d. vinnutap ef ferlið sem fer í gang við kærú er tímafrekt. Þolendur sem telja brot minniháttar ættu því síður að vera tilbúnir að leggja í þann kostnað en þolendur alvarlegri brota.

Ályktanir fræðimanna um að alvarleiki brotsins sé helsti skýringarþáttur í ákvörðun um að tilkynna til lögreglu rímar illa við niðurstöður rannsókna sem sýna að hlutfallslega fæstir þolendur kynferðisbrota tilkynna, og nokkuð lágt hlutfall þolenda ofbeldis í nánnum samböndum leitar til lögreglu (Baumer & Lauritsen 2010; Morgan & Oudekerk 2019; Torrente o.fl. 2017). Rannsóknir sýna greinilega að afleiðingar kynferðisbrota eru alvarlegar og langvarandi. Algengt er að fólk sem hefur orðið fyrir kynferðisbroti upplifi áfallastreituröskun mörgum árum eftir að brot var framið (Dworkin o.fl. 2017).

Í þessu samhengi hefur verið bent á að þolendaskömmin (e. victim blaming) sé meiri í kynbundnu ofbeldi en í öðrum brotaflokkum, að ábyrgðinni sé frekar varpað yfir á þolendur þessara tegundar brota en annarra. Meirihluti þolenda í kynbundnu ofbeldi eru konur og talið er að ríkjandi viðhorf um að hegðun þeirra skýri að einhverju leyti hvers vegna á þeim var brotið ýti undir skömm og sektarkennd. Þolendaskömmin ýtir því undir að konur vilji frekar halda því leyndu þegar þær verða fyrir kynferðisbroti heldur en þegar þær verða fyrir annars konar afbrotum (Bachman 1993; 1998; Boethius & Åkerström 2020; Thompson o.fl. 2007).

Auk þess er algengara að þolendur kynferðisofbeldis þekki grendur heldur en þolendur annars konar brota, sem getur dregið úr vilja til að tilkynna (Spencer o.fl. 2020).

Kona sem er beitt ofbeldi af maka sínum getur viljað vernd á sama tíma og hún hefur áhyggjur af afleiðingum þess fyrir gerandann að tilkynna, sérstaklega ef gerandi og þolandi eiga saman börn (Boethius & Ákerström 2020). Það getur einnig aukði á skömmina að vera beitt ofbeldi af aðila sem viðkomandi tengist, hvort sem það eru fjölskyldu- eða vinatengsl (Hullenaar & Ruback 2020) og því gætu þolendur viljað halda ofbeldinu leyndu (Felson o.fl. 2002).

Þrátt fyrir að skýringar skynsemissjónarhornsins virki ef til vill of einfaldar til að ná utan um þann flókna veruleika sem þolendur kynbundins ofbeldis upplifa í kjölfar ofbeldisins, mætti einnig skýra fáar tilkynningar þessara tegund brota með því að kostnaðurinn við það að tilkynna sé meiri. Auk þess að óttast hefnd geranda, og að þurfa að eyða tíma og orku í að tilkynna (eins og þolendur í öðrum brotaflokkum), bætist við aukinn kostnaður sem tengist þolendaskömminni. Lágst sakfellingarhlutfall í kynbundnu ofbeldi gæti einnig fælt einhverja þolendur frá því að tilkynna þar sem að tilkynningin muni ekki svara kostnaði. Algengt er að kynferðisbrot séu framin á heimili geranda eða þolenda og því sjaldan vitni að ofbeldinu. Eins eru sjaldnar sýnilegir líkamlegir áverkar eftir kynferðisbrot heldur en eftir aðrar tegundir líkamsárása og því enda hlutfallslega fá kynferðisbrot með dómi geranda (Hildur Fjóra Antonsdóttir & Þorbjörg Gunnlaugsdóttir 2013; Morabito o.fl. 2019; Spohn & Tellis 2012).

Rannsóknir sem beina sjónum sínum eingöngu að kynferðisbrotum benda sterklega til þess að þau brot sem falla undir hefðbundnar hugmyndir fólks um „alvöru nauðgun“ séu mun frekar tilkynnt til lögreglu en annars konar brot (Ceelen o.fl. 2019; Cleere & Lynn 2013; Du Mont o.fl. 2003). Kynferðisbrot þar sem gerandi er ókunnugur, beitir einnig öðru líkamlegu ofbeldi eða er með vopn eru frekar tilkynnt en önnur. Það sama á við þegar þolandi berst á móti í stað þess að frjósa (Bachman 1993; 1998; Pinciotti & Seligowski 2019; Wolitzky-Taylor o.fl. 2011), sem þó er algengt viðbragð við kynferðisofbeldi (Dworkin o.fl. 2017). Þolendur sem hafa neytt áfengis eða annarra vímuefna fyrir brotið tilkynna síður (Morabito o.fl. 2019; Resnick o.fl. 2013). Það má vera að kynferðisbrot sem falla undir hugmyndir fólks um „alvöru nauðgun“ séu talin alvarlegri af þolendunum sjálfum, en það má líka vera að þolendur telji að aðrir muni líta þessa tegund af kynferðisbroti nægilega alvarlegum augum til að kalla á viðbrögð lögreglu eða réttarkerfisins (Spencer o.fl. 2020).

Í samræmi við umfjöllunina hér fyrir ofan verður prófuð sú tilgáta að kynbundið ofbeldi sé síður tilkynnt en annars konar brot (H1). Gert er ráð fyrir að hlutfallslega fæstir þolendur kynferðisbrota tilkynni brotið til lögreglu, en að einnig muni hlutfallslega fáir þolendur ofbeldis í nánu sambandi tilkynna. Jafnframt er prófuð sú tilgáta að innan hvers ofbeldisbrotaflokks (kynferðisbrot, ofbeldi í nánum samböndum og annara líkamsárása) muni upplifun þolenda af alvarleika brotsins skýra hvort brot er tilkynnt eða ekki (H2).

1.2 Félagsleg staða þolenda og tilkynningar til lögreglu

Skynsemissjónarhornið hefur verið gagnrýnt fyrir að horfa fram hjá ólíku félagslegu umhverfi þolenda, svo sem ólíkri stöðu þeirra í samfélaginu, sem getur haft áhrif á mat

fólks á kostnaði og ávinningi af því að tilkynna (t.d. Greenberg & Ruback 1992; Xie & Baumer 2019). Óháð brotaflokkir og öðrum einkennum brotsins hafa rannsóknir sýnt að fólk í góðri stöðu í samfélaginu er líklegra til að tilkynna en þau sem búa við veika félagslega stöðu (Boateng 2018; Gutierrez & Kirk 2017; Powers o.fl. 2020).

Samkvæmt kenningu Donalds Black (1976; 1980) um virkni laga (e. Theory of the Behavior of Law) eru brot gegn fólk í sterkri stöðu litin alvarlegri augum og því meiri líkur á að formlegt félagslegt taumhald sé notað gegn gerendum þeirra. Black (1976; 1980) benti jafnframt á að í litlum samfélögum væru tengsl á milli fólks að jafnaði meiri en í þéttbýli og því algengara að fólk notaði óformlegar leiðir til að bregðast við afbrotum og refsgerendum (sbr. óformlegt félagslegt taumhald í stað formlegs taumhalds í réttarkerfinu) í litlum samfélögum en stórum. Rannsóknir hafa almennt studd kenninguna að þessu leyti; tilkynningahlutfall er lægra í dreifbýli en í þéttbýli (Avakame o.fl. 1999; Hullenaar & Ruback 2020; Slocum 2018). Hér er því lögð fram sú tilgáta að fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu sé líklegra til að tilkynna ofbeldisbrot til lögreglunnar en fólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins (H3).

Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að í öllum brotaflokkum er fólk í eldri aldurshópum líklegra til að tilkynna brot en þau sem yngri eru (Baumer & Lauritsen 2010; Guzy & Hirtenlehner 2015; Hullenaar & Ruback 2020). Jafnframt benda rannsóknir til að aukin menntun auki líkur á að þolendur hafi samband við lögreglu (Boateng 2018; Gutierrez & Kirk 2017; Powers o.fl. 2020). Þó hafa einstaka rannsóknir bent til hins gagnstæða (Avakame o.fl. 1999). Í þessari rannsókn er lögð fram sú tilgáta að líkur á að ofbeldi sé tilkynnt til lögreglu aukist með auknum aldri (H4) og að þolendur með háskólamenntun séu líklegri til að tilkynna ofbeldi en þolendur sem ekki hafa lokið háskólaprófi (H5).

Þegar munur á milli ákvarðana karla og kvenna um að tilkynna brot til lögreglu er skoðaður virðist kenning Black (1980) eiga illa við. Sögulega séð, í nánast öllum samfélögum, eru karlar að jafnaði í sterkari félags- og efnahagsstöðu en konur (World Economic Forum 2021). Brot sem framin eru gegn körlum ættu því að vera talin alvarlegri en brot gegn konum, og þeir því tilbúnari til að tilkynna en konur. Rannsóknir sýna þó að í flestum brotaflokkum eru konur líklegri til að tilkynna brot til lögreglu en karlar (Goudriaan o.fl. 2004; Hullenaar & Ruback 2020; James & Lee 2015; Pino & Meier 1999; Powers o.fl. 2020; Saxton o.fl. 2021; Zaykowski o.fl. 2019). Þó hafa einstaka rannsóknir ekki greint mun á milli kynja í sama brotaflokkum (Baumer & Lauritsen 2010; Tarling & Morris 2010). Karlar eru að almennt líkamlega stærri og sterkari en konur og má því vera að konur leiti frekar til lögreglu vegna þess að þær þurfa meiri vernd frá henni en karlar; ofbeldi getur verið hættulegra og alvarlegra fyrir þær (Burczycka & Conroy 2018; Felson o.fl. 2002).

Önnur skýring er að hugmyndir fólks um eðli og hlutverk kynjanna, sbr. kyngervi (e. gender vs. biological sex), hafi áhrif á vilja þolenda til að tilkynna til lögreglu (Xie & Baumer 2019). Fræðimaðurinn Messerschmidt (2004), sem hefur rannsakað og fjallað ítarlega um tengsl hugmynda um karlmennsku og afbrot, hefur bent á að þolendastaða rími illa við ríkjandi karlmennsku (e. hegemonic masculinity). Það að konur hafa frekar verið félagsmótaðar í að leita sér hjálpar, en sjálfstæði sé hluti af ríkjandi karlmennsku

(Connell 2014; Mansfield o.fl. 2003; Messerschmidt 2004), getur þannig dregið úr því að karlmenn leiti sér aðstoðar í kjölfar ofbeldis sem er í samræmi við fjölda rannsókna í heilbrigðisvísindum (sjá t.d. yfirlit í Juvrud & Rennels 2017).

Á meðan þolendaskömm í kynferðisbrotum gegn konum tengist hugmyndinni um að konur séu að hluta til ábyrgar fyrir ofbeldinu er líklegt að í kynferðisbrotum gegn körlum tengist hún frekar hugmyndum um hvað það merkir að vera karlmaður. Karlkyns þolendur kynferðisbrota geta upplifað aukna skömm vegna þeirrar mytu að líkamlegur styrkleiki þeirra ætti að koma í veg fyrir að kona geti beitt þá ofbeldi, eða að karl sem er nauðgað af öðrum karli hljóti að vera samkynhneigður (Lysova & Dim 2020; Mgozeli & Duma 2020; Tsui o.fl. 2010).

Tuback og samstarfsfélagar (1999) beittu tilraunasniði við að kanna annars vegar hvort kyn þolanda hefði áhrif á hvort fólk áltí vidd eigandi að hafa samband við lögreglu í kjölfar afbrots og hins vegar hvort kyn svaranda tengdist viðbrögðunum. Niðurstöður þeirra sýndu að þátttakendur voru almennt líklegri til að telja að kvenkyns þolendur kynferðisbrota ættu að hafa samband við lögreglu heldur en karlkyns þolendur samskonar brota. Auk þess þótti karlmönnum síður ástæða til að hafa samband við lögreglu, óháð kyni þolanda (Ruback o.fl. 1999). Hér er því lögð fram sú tilgáta að konur tilkynni frekar ofbeldi en karlar, og að munurinn á milli kynjanna sé meiri í kynbundnu ofbeldi (kynferðisofbeldi og ofbeldi á nánum samböndum) en í öðru líkamlegu ofbeldi (H6).

1.3 Traust til lögreglu og tilkynningar til lögreglu

Samanburður á milli landa sýnir að hlutfall þolanda sem leitar til lögreglu er mjög mismunandi í ólíkum löndum (Goudriaan o.fl. 2004; Torrente 2017). Í þeim löndum þar sem fólk ber almennt lítið traust til lögreglu og telur hana annað hvort spillta eða vanhæfa tilkynna fáir brot til hennar (Goudriaan o.fl. 2004). Innan landa er sambandið þó ekki jafn skýrt. Með öðrum orðum er það ekki skýrt að munur á trausti til lögreglu á milli einstaklinga sem búa í sama samfélagi skýri líkur á því að þeir tilkynni brot til lögreglu. Nýleg rannsókn Torrente og samstarfsmanna (2017) bendir til þess að það sé samvirkni (e. interaction) á milli þeirra áhrifa sem traust til lögreglu hefur á tilkynningar á einstaklings- og samfélagsstigi (e. cross level interaction) þannig að traust til lögreglu tengist tilkynningum í samfélögum þar sem lítið traust ríkir en ekki í öðrum.

Niðurstöður rannsókna á trausti til lögreglu og tengsl þess við ákvarðanir einstaklinga um að tilkynna brot hafa verið misvísandi. Í sumum rannsóknum eykur traust líkur á tilkynningum, en hefur neikvæð tengsl við tilkynningar í öðrum. Jafnframt sýna einstaka rannsóknir ekkert samband (sjá yfirlit í Boateng 2018; Xie & Baumer 2019). Mismunandi rannsóknarniðurstöður endurspeglar líklega hversu flókið sambandið á milli þessara þátta er, þá sérstaklega að það geti verið gagnkvæmt. Með öðrum orðum traust til lögreglu getur mögulega aukið líkur á tilkynningum, en tilkynningin sjálf getur jafnframt haft áhrif á traustið.

Rannsóknir sýna að það að verða fyrir afbroti, óháð því hvort það er tilkynnt eða ekki, dragi úr trausti á lögreglu (Kwak o.fl. 2019). Tilkynning til lögreglu hefur jafnframt tilhneigingu til auka neikvæð viðhorf til hennar (Lee o.fl. 2019; McQueen & Keltly 2019).

Jákvæð samskipti við lögreglu í kjölfar brots hafa lítil áhrif á viðhorf þolenda til lögreglu. Á hinn bóginn hafa neikvæð samskipti við lögreglu, eða samskipti við lögreglu sem valda þolanda á einhvern hátt vonbrigðum, tilhneigingu til að ýta undir neikvæð viðhorf til lögreglu (Hu o.fl. 2020). Það að hafa orðið fyrir ofbeldi og hafa farið í gegnum erfitt og langt ferli við að tilkynna brot sem hefur í kjölfarið verið vísað frá getur þannig dregið úr trausti þolanda til lögreglu. Í þessari rannsókn er lögð fram tilgáta um að fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi beri að jafnaði minna traust til lögreglu en aðrir borgarar (H7) og könnuð tengsl við ákvörðun um að tilkynna.

2. Aðferðafræði

2.1 Gögn

Rannsóknin byggir á þolendakönnunum sem framkvæmdar voru fyrir embætti ríkislögreglustjóra og embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2014 til 2021. Þolendakönnun lögreglunnar byggir að miklu leyti á spurninglista alþjóðlegu þolendakönnunarinnar (ICVS) sem Ísland tók þátt í árið 2005 (Rannveig Þórisdóttir o.fl. 2005). Aðferðafræði í þessum könnunum lögreglunnar hefur að mestu leyti verið sú sama frá árinu 2014 og eru því eingöngu notuð gögn frá því ári til að tryggja samanburðarhæfni mælinga.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd gagnaöflunar fyrir lögregluna á árunum 2014 til 2021, að undanskildu árinu 2016, þegar Gallup aflaði gagna. Árlega hefur verið tekið 4.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanell Félagsvísindastofnunar byggir á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu.¹ Á hvert hefur úrtakið verið tvískipt þannig að 2.000 manns búa á höfuðborgarsvæðinu og 2.000 á landsbyggðinni. Svarhlutfall hefur aðeins farið minnkandi með árunum. Svarhlutfallið var hæst árið 2014, þegar 65% af úrtakinu tóku þátt, en lægst árið 2021, þegar svarhlutfallið var aðeins 52%.²

Tölvupóstur með tengli á könnun hefur verið sendur til úrtaksins þar sem fólk hefur fengið upplýsingar um fyrir hvern könnunin sé framkvæmd og hvernig gögnin verði greind, og að gögn verði hvorki geymd né greind með persónugreinanlegum upplýsingum. Á hvert er tryggt að sömu einstaklingar lendi ekki í könnun og á árinu á undan. Gagnaöflun hefur farið fram á vorin (apríl til júní) og spurt er um þolandareynslu á síðastliðnu ári.

Í niðurstöðum hafa gögn verið vigtuð þannig að úrtakið endurspegli Íslendinga með tilliti til kyns, aldurs, menntunar og búsetu. Þetta er gert til að koma í veg fyrir kerfisbundna skekkju sem getur myndast vegna lægra svarhlutfalls meðal ákveðinna hópa í samfélaginu. Sem dæmi er fólk með háskólamenntun líklegra til að svara en þau sem ekki hafa lokið háskólaprófi, og eldri aldurshópar líklegri en þau sem yngri eru. Til þess að koma í veg fyrir að niðurstöður endurspegli eldra háskólamenntað fólk hlutfallslega meira en sem nemur hlutfalli þeirra meðal Íslendinga er úrtakið vigtað (Margrét Valdimarsdóttir 2021). Upplýsingar um hlutföll hvers hóps í þýði Íslendinga koma frá Hagstofu Íslands. Heildarúrtakið er 19.440 einstaklingar en heildarfjöldi í aðhvarfsgreiningarmódelum í niðurstöðukafla er minni þar sem tekið hefur verið tillit til brottfalls á öllum mælingum.

2.2 Mælingar

Polendakönnun lögreglu er ætlað að mæla reynslu landsmanna af afbrotum, öryggis-tilfinningu þeirra og viðhorf til lögreglu, og hefur spurningalistinn verið að mestu sam- bærilegur frá einu ári til annars á því átta ára tímabili sem hér er til skoðunar. Árið 2014 var þó spurt um ofbeldi í nánnum samböndum með ólíkum hætti en hin árin og því ákveðið að sleppa þeirri breytu fyrir það ár. Árið 2017 voru þátttakendur sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi ekki spurðir hvort þeir hefðu tilkynnt brotið til lögreglu og því vantar 2017 í greiningu á tilkynningum á því broti í niðurstöðum. Auk þess var ekki spurt um alvarleika brots fyrir en 2016.

Eftir að hafa verið spurðir um viðhorf til lögreglu og öryggis-tilfinningu fengu þátt- takendur eftirfarandi formála: *Hér á eftir koma spurningar sem þér gætu þótt persónulegar. Þær eru mjög mikilvægar til að lögreglan sé sem best í stakki búin til að bregðast við afbrotum og veita sem besta þjónustu. Við minnum þig á að könnunin er nafnlaus og er því ekki hægt að rekja svör til ein- stakra þátttakenda. Því næst var mismunandi brotum lýst og þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu orðið fyrir slíku á árinu á undan.*

2.2.1 Kynferðisofbeldi

Þátttakendur sem svöruðu spurningunni *Varðst þú fyrir kynferðisbroti árið ...? Með kynferðis- broti er t.d. átt við að einhver hafi þvingað þig eða reynt að þvinga þig til kynferðislegra athafna, gripid í þig eða þú hafir verið snert(ur) kynferðislega gegn vilja þínum* játandi fengu í kjölfarið spurningar um eðli brotsins og hvort þeir hefðu tilkynnt brotið til lögreglu. Í fyrsta lagi fengu svar- endur spurninguna: *Myndir þú ljá þessu atviki sem 1) nauðgun, 2) tilraun til nauðgunar, 3) grófri kynferðislegri áreitni, 4) særandi framkomu eða 5) annars konar kynferðisbroti? (ef fleiri en eitt tilvik, þá skal svara til um alvarlegasta atvikið).* Þátttakendur gátu jafnframt valið „veit ekki“ og „vil ekki svara“ (eins og við allar aðrar spurningar í könnuninni).

Eins og kemur fram í töflu 1 höfðu í heildina 2,3% orðið fyrir kynferðisbroti að jafnaði á ári. Af þessum einstaklingum höfðu rúmlega 19% orðið fyrir nauðgun, 6,4% fyrir tilraun til nauðgunar og um 32% fyrir særandi framkomu sem þeir skilgreindu sem kynferðisbrot (ekki sýnt í töflu). Jafnframt var spurt: *Þegar tekið er tillit til allra þátta, hversu alvarlegt var brotið gagnvart þér (þ.e. kynferðisbrotið)?* Langstærsti hluti þeirra sem töldu brotið mjög alvarlegt hafði orðið fyrir nauðgun og stærsti hópur þeirra sem töldu brotið ekki mjög alvarlegt hafði orðið fyrir særandi framkomu. Að lokum voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu tilkynnt kynferðisbrotið til lögreglu.

2.2.2 Ofbeldi í nánnum samböndum

Til þess að kanna ofbeldi í nánu samböndum fengu þátttakendur átta spurningar. Spurt var: *Varst þú fyrir einhverju af eftirtöldu af hendi maka eða fyrrum maka, árið ...? Með maka er átt við eiginmann/-konu, sambylismann/-konu, eða karasta/karustu. Vinsamlegast merktu við allt sem á við.*

1. Að komið væri í veg fyrir að þú fengir sanngjarnan hluta af innkomu heimilisins
2. Að komið væri í veg fyrir að þú hittir vini og ættingja

3. Að krafist væri aðgangs að síðum eins og heimabanka, samfélagsmiðlum eða tölvupósti án þess að veita þér sama aðgang
4. Að endurtekið væri gert lítið úr þér svo þér myndist þú einskis virði
5. Að þér væri ógnað eða hótad, sem getur t.d. falið í sér hótanir um að taka af þér barn/börn, að meiða þig eða einhvern nákominn þér, hótanir um að beita vopni eða hótanir um líflát
6. Að þú værir beitt(ur) ofbeldi, t.d. ýtt, haldið niðri, verið slegin(n) kinnhest, sparkað í þig, þú verið bitin(n)eða kýld(ur) með hnefa eða öðru, eða einhverju hent í þig. Þrengt að öndunarvegi þínum eða beitt vopni gegn þér, t.d. hníf
7. Að þú værir þvinguð(aður) eða reynt að þvinga þig til kynferðislegra athafna, t.d. samfara eða annarra kynferðismaka

Ásamt því að geta valið eitt eða fleiri af ofangreindum atriðum gátu þátttakendur jafnframt valið annað hvort „nei, ég varð ekki fyrir neinu af eftirtöldu af hendi maka eða fyrrum maka árið ...“ eða „á ekki við, hef ekki átt maka á árinu ...“.

Þátttakendur voru í kjölfarið spurðir hversu alvarlegt atvikið/-in hafi verið og, ef fleiri en eitt tilvik átti sér stað á árinu, þá að svara til um það alvarlegasta. Þá voru þau sem höfðu valið a.m.k. eitt atvik af þeim sjö sem listuð eru hér fyrir ofan spurð um hvort eitthvert tilvikanna hafi verið tilkynnt til lögreglu. Í þessari rannsókn er því verið að mæla tilkynningar þolenda andlegs og líkamlegs ofbeldis í nánu sambandi.³

2.2.3 Líkamsárásir

Til þess að mæla annars konar líkamsárásir voru þátttakendur spurðir: *Varðst þú fyrir ofbeldisbroti árið ...? Með ofbeldisbroti er átt við ofbeldi eða líkamsárás, t.d. ef einhver slær mann með hnefa eða vopni.* Þátttakendur sem svöruðu spurningunni játandi fengu í kjölfarið sams konar spurningu og þolendur kynbundins ofbeldis, sbr., *þegar tekið er tillit til allra þátta, hversu alvarlegt var atvikið gagnvart þér?*

2.2.4 Traust til lögreglu

Til þess að meta traust til lögreglu fengu þátttakendur spurninguna: *Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar.* Svarmöguleikar voru á fimm punkta kvarða 1) mjög sammála, 2) frekar ósammála, 3) hvorki sammála né ósammála, 4) frekar ósammála, og 5) mjög ósammála. Um 84% af vigtuðu heildarúrtaki voru mjög eða frekar sammála (Tafla 1).

2.2.5 Kyn, aldur, menntun og búseta

Ekki þurfti að spyrja sérstaklega um kyn eða aldur þar sem þær upplýsingar eru skráðar í þjóðskrá. Til að mæla menntun voru þátttakendur spurðir: *Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?* Svarkvarði var upphaflega á 8 punkta kvarða, frá grunnskólanám eða minna upp í doktorsnám en í töflu 1 hafa verið lagðir saman nokkrir hópar og gerður samanburður á þeim sem hafa lokið grunnskólaprófi, framhaldsskólaprófi og há-

skólaprófi. Í aðhvarfsgreiningu í töflum 2 og 3 er eingöngu gerður samanburður á þeim sem hafa ekki lokið háskólaprófi og þeim sem hafa lokið einhvers konar háskólaprófi.

Þátttakendur voru spurðir um póstnúmer núverandi heimilisfangs sem var notað til að búa til tvíkosta breytu fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Í greiningu gagna er kyn einnig greint sem tvíkostabreyta, karl og kona (upplýsingar um önnur kyn voru ekki fánlegar). Þátttakendum er skipt upp í 5 aldurshópa.

Niðurstöðukaflinn hefst á töflu 1, sem inniheldur lýsandi upplýsingar um úrtakið. Í töflu 1 eru einnig birtar upplýsingar um hlutfall fólks sem varð fyrir ofbeldi á eins árs tímabili á árunum 2014 til 2021 (árinu áður en könnun var lögð fyrir) og hlutfall brotaþola sem tilkynnti til lögreglu í heildina, og skipt upp eftir hópum. Íslendinga. Kíkvaðrat marktektarpróf var notað til að skoða mun á milli hópa í töflu 1. Upplýsingarnar í töflu 1 eru því gagnlegar en í þeirri töflu eru tilgátur þó ekki formlega prófaðar þar sem þar birtast eingöngu einföld sambönd á milli breyta.

3. Niðurstöður

Í töflu 1 kemur fram að árlega urðu að jafnaði rúmlega 2% þátttakanda á aldrinum 18 til 75 ára fyrir kynferðisbroti, eða rétt undir 4% kvenna og tæplega 1% karla. Munurinn á algengi kynferðisbrota eftir kyni er tölfræðilega marktækur ($P < 0,001$). Heldur fleiri, eða rúmlega 5% þátttakanda varð fyrir ofbeldi í nánu samband, og voru konur marktækt líklegri en karlar til að greina frá því að hafa orðið fyrir slíku ($P < 0,001$). Það er ekki marktækur munur á hlutfalli karla og kvenna sem varð fyrir annars konar líkamsárás, sem var í heildina 2,4%.

Hlutfallslega flestir í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára) greindu frá því að hafa orðið fyrir ofbeldi á árunum 2014 til 2021, þetta á við allar tegundir af ofbeldi sem eru til skoðunar. Tæplega einn af hverjum 10 þátttakendum á aldrinum 18 til 25 varð að jafnaði fyrir ofbeldi í nánu sambandi á ársgrundvelli, og rúmlega 9% fyrir kynferðisbroti. Það er jafnframt marktækur munur á hlutfalli þeirra sem varð fyrir ofbeldi (öllum tegundum) eftir menntun. Lægsta hlutfall þolenda er meðal fólks með háskólapróf. Til að mynda greindu 6% svarenda með grunnskólapróf frá því að hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi, að jafnaði á ári, samanborið við 3,8% svarenda með háskólapróf. Hér ber þó að hafa í huga að í töflunni eru aðeins skoðuð einföld sambönd á milli breyta og því má vera að aldur skýri að hluta til þennan mun á milli hópa með ólíka menntun.

Um 2,6% þátttakanda á höfuðborgarsvæðinu hafði orðið fyrir kynferðisbroti en 2% íbúa utan höfuðborgarsvæðisins ($P < 0,01$). Þá voru höfuðborgarþúar jafnframt marktækt líklegri til að hafa orðið fyrir annars konar líkamsárás en aðrir íbúar ($P < 0,001$). Það er ekki marktækur munur á algengi ofbeldis í nánu sambandi eftir búsetu.

Í töflu 1 má einnig sjá hversu hátt hlutfall þeirra sem urðu fyrir ofbeldi töldu brotið mjög alvarlegt, nokkuð alvarlegt og ekki mjög alvarlegt. Niðurstöðurnar sýna að um 18% þátttakanda sem svaraði spurningu um kynferðisofbeldi játandi, mat kynferðisbrotið mjög alvarlegt, en um 15% þeirra sem varð fyrir ofbeldi í nánu sambandi og rúmlega 24% þeirra sem varð fyrir annars konar líkamsárás. Hlutfallslega flestir af þeim sem bera

mjög eða frekar lítið traust til lögreglu urðu fyrir ofbeldi á tímabilinu. Þessi niðurstaða endurspeglar sennilega að aldur tengist bæði hættu á að verða fyrir ofbeldi sem og trausti til lögreglu; ungt fólk er líklegra til að verða fyrir ofbeldi en þau sem eldri eru og jafnframt líklegra til að bera lítið traust til lögreglu.

Lítill munur er á hlutfalla þolenda kynferðisofbeldis sem tilkynntu brotið til lögreglu eftir kyni, eða 6,4% kvenna en 6,6% karla. Þrátt fyrir að hlutfallslega fleiri kvenkyns þolendur (18,8%) ofbeldis í nánu sambandi hafi tilkynnt en karlkyns þolendur (15,5%) er sá munur ekki tölfraðilega marktækur. Karlar sem höfðu orðið fyrir annars konar líkamsárás voru þó töluvert líklegri til að hafa tilkynnt til lögreglu en konur sem höfðu orðið fyrir slíku, eða 43% karla í samanburði við tæplega 34% kvenna ($P < 0,05$).

Algengast var að þolendur á miðjum aldri (36-45 ára, sbr. miðja miðað við flokkun aldurs í töflunni) tilkynntu til lögreglu, þetta á við um allar tegundir af ofbeldi. Sem dæmi þá tilkynntu um 5% þolenda kynferðisbrota á aldrinum 18 til 25 til lögreglu og enginn af þolendum eldri en 55 ára, en um 25% þolenda á aldrinum 36-45 ára. Yfir helmingur þolenda líkamsárása á aldrinum 25-36 ára tilkynnti.

Það er marktækur munur á hlutfalli þolenda líkamsárása sem tilkynnti til lögreglu eftir menntun, en niðurstöður gefa til kynna að fólk með háskólapróf tilkynni slíkt síður en fólk með styttri skólagöngu ($P < 0,01$). Hlutfallslega fleiri þolendur á höfuðborgarsvæðinu höfðu tilkynnt allar tegundir af ofbeldi til lögreglu, en munurinn er

ekki marktækur þegar kynferðisbrot eru skoðuð. Meðal þolenda ofbeldis í nánu sambandi munar 12 prósentustigum, um 22% þolenda á höfuðborgarsvæðinu hafði leitað til lögreglu borið saman við rúmlega 10% þolenda utan þess svæðis ($P < 0,05$).

Niðurstöður í töflu 1 sýna að meðal þolenda sem urðu fyrir mjög alvarlegu kynferðisbroti tilkynnti fjórðungur brotið til lögreglu. Undir 1% svarenda sem greindu frá því að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi sem ekki hafi verið mjög alvarlegt tilkynnti ($P < 0,001$). Tæplega helmingur þátttakenda sem varð fyrir mjög alvarlegu ofbeldi í nánu sambandi á tímabilinu tilkynnti það til lögreglu, en um 10% þeirra sem varð fyrir nokkuð alvarlegu broti og tæplega 9% þeirra sem varð fyrir ekki mjög alvarlegu ofbeldi af hendi maka eða fyrrum maka ($P < 0,001$). Það munar minna á mati á alvarleika líkamsárása og hvort þolandí tilkynnti, og er sá munur ekki tölfraðilega marktækur. Meðal þeirra sem bera mjög eða lítið traust til lögreglu tilkynntu hlutfallslega flestir kynferðisbrotið til lögreglu, eða 12,5%.


Mynd 1 styður tilgátuna (H1) um að þolendur kynbundins ofbeldis tilkynni síður en þolendur annarra brotaflokkanna. Á árunum 2014 til 2021 höfðu hlutfallslega fæstir þolendur kynferðisofbeldis tilkynnt brotið til lögreglu, eða 6,5%. Á myndinni er einnig birt prósentuhlutfall af eingöngu þolendum sem sögðust hafa orðið fyrir mjög eða nokkuð alvarlegu kynferðisbroti og hækkar þá hlutfall tilkynnta brota í tæplega 12%.

Rúmlega 18% þátttakenda sem varð fyrir einhverskonar ofbeldi í nánu sambandi (18,4%) tilkynnti brotið til lögreglu, og tæplega 23% þeirra sem mat ofbeldið nokkuð eða mjög alvarlegt. Mun herra hlutfall þolenda líkamsárása tilkynnti brotið til lögreglu. Um 39% þeirra sem varð fyrir líkamsárás á tímabilinu tilkynnti og yfir helmingur þeirra sem varð fyrir alvarlegri líkamsárás.

Tafla 1. Dreifing úrtaks eftir bakgrunnspáttum, reynslu af ofbeldi á 12 mánaða tímabili og ákvörðun um að tilkynna ofbeldi til lögreglu

	Heild		Varð fyrir kynferðisbroti		Varð fyrir ofb. í nánu sambandi		Varð fyrir líkamsárás		Tilkynnti kynferðisbrotið		Tilkynnti ofbeldi í nánu sambandi		Tilkynnti líkamsárás	
	N	%	%	n	%	%	n	%	n	%	n	%	n	%
Allir	19440	100	2,3	375	5,2	2,4	300	6,5	17,6	425	38,7			
Kyn														
Kona	9913	51,0	3,9***	313	5,8**	2,6	197	6,4	18,8	197	33,5*			
Karl	9524	49,0	0,8	61	4,7	2,3	103	6,6	15,5	228	43,0			
Aldur														
18-25 ára	2879	14,8	9,2***	212	9,8***	6,4***	69	5,2**	11,6	157	26,8**			
26-35 ára	3809	19,6	3,5	110	7,3	3,6	99	3,6	16,2	127	44,1			
36-45 ára	3416	17,6	1,4	34	6,0	2,2	81	23,5	25,9	72	51,4			
46-55 ára	3157	16,2	0,5	13	4,7	1,3	33	7,7	21,2	35	40,0			
Eldri en 55 ára	6179	31,8	0,1	5	2,6	0,6	20	0,0	10,0	35	45,7			
Menntun														
Grunnskólapróf	5933	32,5	2,6***	121	6,0***	3,2***	98	6,6	19,4	175	36,0*			
Framhaldsskólapróf	6834	37,4	3,0	178	5,7	2,6	124	5,1	16,1	161	46,0			
Háskólapróf	5483	30,0	1,5	73	3,8	1,4	71	9,6	16,9	71	26,8			
Búseta														
Á höfuðborgarsvæðinu	12304	63,3	2,6**	259	5,1	2,8***	186	6,9	22,0*	308	41,6*			
Utan höfuðborgarsvæðis	7128	36,7	2,0	116	5,4	1,8	115	6,0	10,4	117	30,8			
Mat þolanda á alvarleika brots														
Mjög alvarlegt	60-79		17,9	56	14,9	24,4	37	25,0***	48,6***	24	45,8			
Nokkuð alvarlegt	125-160		41,6	114	36,4	38,2	79	5,3	10,1	29	27,6			
Ekki mjög alvarlegt	122-214		40,6	110	48,7	37,5	57	0,9	8,8	11	27,3			
Traust til lögreglu														
Mjög eða frekar mikið	13537	84,1	1,9***	208	4,3***	1,9***	211	5,3+	14,2**	254	40,9*			
Hvorki mikið né lítið	1449	9,0	3,1	38	7,7	3,6	38	5,3	39,5	42	45,2			
Mjög eða frekar lítið	1102	6,8	8,4	80	13,4	6,2	49	12,5	16,3	64,0	21,9			

*** p<0,001, ** p<0,01, * p<0,05, + p<0,10



Mynd 1. Hlutfall þolenda sem tilkynntu brotið til lögreglu á árunum 2014 til 2021, skipt upp eftir brotaflokki

Í töflu 2 eru tilgátur um áhrif stöðu þolanda á tilkynningar ofbeldis til lögreglu prófaðar með tvíkosta aðhvarfsgreiningu, sem og um áhrif alvarleika brotsins. Í jöfnu 1 er kannað hvort kyn, aldur, menntun og búseta tengist tilkynningum án þess að taka tillit til mat þolanda á alvarleika brotsins. Þegar stjórnað er fyrir öðrum þáttum hefur kyn ekki marktæk áhrif á líkur þess að þolandi tilkynni kynferðisbrot til lögreglu ($P > 0,10$). Fólki í aldurshópnum 36 til 45 ára var marktækt líklegri til þess að tilkynna kynferðisbrot til lögreglu en samanburðarhópurinn (18 til 25 ára). Áhrif menntunar og búsetu á tilkynningar kynferðisbrota til lögreglu eru í samræmi við tilgátur. Samböndin eru þó ekki tölfræðilega marktæk ($P > 0,10$).

Mat þolanda á alvarleika brotsins hefur verið bætt við í jöfnu 2. Að teknu tilliti til þess að mögulega verði konur og karlar fyrir misalvarlegum kynferðisbrotum eru áhrifum kyns engu að síður enn ómarktæk ($b = 0,69$; $P > 0,10$). Þolendur kynferðisbrota í aldurshópnum 36 til 45 ára voru marktækt líklegri til að hafa tilkynnt til lögreglu en yngsti aldurshópurinn, sé miðað við 90% öryggi ($b = 1,17$; $P = 0,08$). Niðurstöður í töflu 2 benda til að alvarleiki kynferðisbrota skýri að mestu ákvarðanir þolenda um að tilkynna brot til lögreglu. Þolendur sem urðu fyrir mjög alvarlegu broti voru margfalt líklegri til að hafa tilkynnt en þau sem urðu fyrir broti ekki var metið mjög alvarlegt ($OR = 55,81$; $P < 0,001$). Þolendur sem töldu brot nokkuð alvarlegt voru jafnframt rúmlega 7 sinnum líklegri til að hafa tilkynnt en þau sem urðu fyrir minna alvarlegum brotum. Þessi munur er tölfræðilega marktækur miðað við 90% öryggi ($P = 0,07$). Sé haft í huga að jafnan byggir á nokkuð fáum frelsisgráðum (þ.e. úrtak er lítið miðað við fjölda frumbreyta) ætti ekki að koma á óvart að samböndin þurfi að vera sterk til að þau nái tölfræðilegri marktækt.

Þegar litið er til ofbeldis í nánum samböndum eru kvenkyns þolendur líklegri en karlkyns þolendur til að tilkynnt brotið til lögreglu, munurinn er þó eingöngu marktækur þegar stjórnað er fyrir alvarleika ofbeldisins (í jöfnu 4: OR = 2,79; P < 0,10). Niðurstöður í töflu 2 gefa til kynna að líkur á að þolendur ofbeldis í nánum samböndum tilkynni til lögreglu aukist með auknum aldri. Þó nær munur á milli yngsta aldurshópsins og eldri aldurshópa ekki tölfræðilegri marktækt í öllum tilfellum.

Tengsl menntunar við ákvörðun um að tilkynna eru ekki marktæk. Í jöfnu 3 (í töflu 2) kemur fram að höfuðborgarbúar voru tæplega 3 sinnum líklegri til að tilkynna ofbeldi í nánum samböndum til lögreglu en íbúar utan höfuðborgarsvæðisins (OR = 2,73; P < 0,01). Að teknu tilliti til alvarleika brotsins voru þolendur á höfuðborgarsvæðinu um 74% líklegri til að hafa tilkynnt ofbeldi í nánu sambandi til lögreglu en þolendur utan þess, munurinn eftir búsetu í jöfnu 4 nær þó ekki tölfræðilegri marktækt (P > 0,10).

Þolendur ofbeldis í nánu sambandi sem telja brotið hafa verið mjög alvarlegt eru margfalt líklegri til að hafa tilkynnt en þau sem urðu fyrir „ekki mjög alvarlegu“ ofbeldi (b = 2,46; P < 0,001). Þó eru þolendur sem mátu ofbeldið nokkuð alvarlegt ekki marktækt líklegri en þau sem urðu fyrir ofbeldi sem talið var „ekki mjög alvarlegt“ til að hafa tilkynnt. Kyn, aldur, menntun, búseta og mat þolanda á alvarleika brotsins skýra um 35% af breytileika í tilkynningum á ofbeldi í nánu sambandi (Nagelkerke R² = 0,35).

Karlar sem urðu fyrir líkamsárás sem ekki er flokkuð sem kynbundið ofbeldi eru marktækt líklegri en konur til að hafa tilkynnt ofbeldið til lögreglu (sjá jöfnu 6 í töflu 2) þegar stjórnað er fyrir alvarleika brotsins. Yngsti aldurshópurinn var minna líklegur en allir aðrir aldurshópar til að tilkynna líkamsárás til lögreglu. Að teknu tilliti til alvarleika líkamsárása er hvorki marktækur munur á þolendum sem tilkynntu brotið til lögreglu eftir menntun né búsetu. Niðurstöður í jöfnu 6 sýna að alvarleiki líkamsárása er sterkasti skýringarþátturinn í ákvörðun þolenda líkamsárása um að tilkynna brotið til lögreglu (OR = 10,61; P < 0,001).

Tafla 2. Tvíkosta aðhvarfsgreining á tilkynningum ofbeldis til lögreglu

	Tilkynnti kynferðisbrot				Tilkynnti ofbeldi í nánu sambandi				Tilkynnti líkamsárás			
	Jafna 1		Jafna 2		Jafna 3		Jafna 4		Jafna 5		Jafna 6	
	b	exp(b)	b	exp(b)	b	exp(b)	b	exp(b)	b	exp(b)	b	exp(b)
Kyn												
Karl	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Kona	-0,11	0,89	-0,69	0,50	0,26	1,30	1,02	2,79+	-0,39	0,68+	-0,99	0,37**
Aldur												
18-25 ára	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
26-35 ára	-0,51	0,60	-0,08	0,92	0,53	1,69	0,50	1,69	0,94	2,57***	1,14	3,14**
36-45 ára	1,70	5,46**	1,17	3,24+	1,13	3,08*	0,19	1,21	1,32	3,76***	1,81	6,08***
46-55 ára	-0,27	0,76	-0,72	0,49	0,93	2,52	1,64	5,18*	0,85	2,35*	1,49	4,43**
Eldri en 55 ára	-0,19	0,82	-18,02	0,00	-0,03	0,97	2,25	9,52+	1,14	3,14**	1,39	4,02**
Menntun												
EKKI háskólapróf	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Háskólapróf	0,58	1,78	0,83	2,28	-0,49	0,61	-0,74	0,48	-1,01	0,36**	-0,64	0,53
Búseta												
Útan höfuðborgarsvæðis	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
A höfuðborgarsvæðinu	0,18	1,20	0,46	1,58	1,00	2,73**	0,56	1,74	0,54	1,72*	0,55	1,73
Mat þolanda á alvarleika brots												
EKKI mjög alvarlegt	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Nokkuð alvarlegt	2,00	7,41+	2,00	7,41+	0,06	1,06	0,06	1,06	0,06	1,06	1,58	4,86***
Mjög alvarlegt	4,02	55,81***	4,02	55,81***	2,46	11,73***	2,46	11,73***	2,46	11,73***	2,36	10,61***
χ^2	14,92*	36,73***	16,26*	38,89***	36,40***	79,64***	36,40***	79,64***	36,40***	79,64***	36,40***	79,64***
Nageikerke R ²	0,10	0,30	0,09	0,35	0,12	0,32	0,12	0,32	0,12	0,32	0,12	0,32
N	256	188	245	143	274	190	274	190	274	190	274	190

*** p<0,001, ** p<0,01, * p<0,05, + p<0,10
Exp(b)=Ábættuhátturfall (e. Odds Ratio)

Niðurstöður í töflu 3 sýna að þátttakendur sem hafa nýlega reynslu af því að verða fyrir ofbeldi eru síður líklegir til að bera traust til lögreglu heldur en þeir sem ekki hafa orðið fyrir ofbeldi á tímabilinu. Að teknu tilliti til bakgrunnspátta voru svarendur sem urðu fyrir kynferðisbroti og tilkynntu brotið til lögreglu um 60% ólíklegri til að vera mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“ heldur en þau sem ekki urðu fyrir slíku ofbeldi (OR = 0,40; P < 0,001). Munurinn er enn meiri þegar þolendur kynferðisbrota sem ekki tilkynntu brotið til lögreglu eru bornir saman við þá sem ekki urðu fyrir kynferðisbroti (OR = 0,18; P < 0,001).

Fólk sem varð fyrir ofbeldi í nánu sambandi og tilkynntu brotið til lögreglu er um 80% ólíklegri til að bera traust til lögreglu en þau sem greindu ekki frá ofbeldi í nánu sambandi, munurinn er tölfraðilega marktækur (OR = 0,20; P < 0,001).

Svipað munstur birtist hjá þolendum líkamsárása. Þó er ekki marktækur munur á milli þeirra sem urðu fyrir líkamsárás og tilkynntu til lögreglu og þeirra sem ekki urðu fyrir líkamsárás (OR = 0,82 P > 0,10).

Niðurstöður fyrir aðra þætti í töflu 3 eru í samræmi við fyrri innlendar rannsóknir á trausti til lögreglu (Margrét Valdimarsdóttir 2021; Tómas Bjarnason 2014). Konur eru að jafnaði líklegri en karlar til að bera traust til lögreglu og traust eykst með auknum aldri. Þá er fólk með háskólagráðu líklegra til að bera traust til lögreglu en þau sem ekki hafa lokið háskólaprófi, og svarendur á höfuðborgarsvæðinu bera marktækt minna traust til lögreglu en fólk utan þess.

Samanburðarhópurinn í öllum þremur jöfnunum (í töflu 3) eru einstaklingar sem hafa ekki orðið fyrir viðkomandi broti. Niðurstöður töflunnar gefa því ekki upplýsingar um hvort það sé marktækur munur á trausti til lögreglu á milli þolenda sem annars vegar tilkynntu brotið til lögreglu og hins vegar þolenda sem ekki tilkynntu. Viðbótargreining var framkvæmd þar sem þetta var sérstaklega skoðað (niðurstöður ekki sýndar í töflu) og leiddi sú greining í ljós að hlutfallslíkur á því að bera traust til lögreglu voru marktækt minni hjá þeim sem höfðu tilkynnt kynferðisbrotið til lögreglu heldur en þeirra sem höfðu ekki gert það (b = -0,82; OR = 0,44; P = 0,06). Sömu niðurstöður komu fram þegar þolendur ofbeldis í nánu sambandi voru skoðaðir (b = -1,05; OR = 0,35; P = 0,002). Þetta á ekki við um þolendur líkamsárása þar sem niðurstöður voru að þolendur sem tilkynntu voru marktækt líklegri til að bera traust til lögreglu en þeir sem gerðu það ekki (b = 0,54; OR = 1,72; P = 0,03).

Tafla 3. Tvíkosta aðhvarfsgreining á trausti til lögreglu

	Jafna 1		Jafna 2		Jafna 3	
	b	exp(b)	b	exp(b)	b	exp(b)
Kynferðisbrot						
Varð ekki fyrir		1				
Varð fyrir: tilkynnti	-0,93	0,40***				
Varð fyrir: tilkynnti ekki	-1,74	0,18***				
Ofbeldi í nánu sambandi						
Varð ekki fyrir				1		
Varð fyrir: tilkynnti			-1,63	0,20***		
Varð fyrir: tilkynnti ekki			-0,58	0,56***		
Önnur líkamsárás						
Varð ekki fyrir						1,00
Varð fyrir: tilkynnti					-0,20	0,82
Varð fyrir: tilkynnti ekki					-0,75	0,47***
Kyn						
Karl		1,00		1,00		1,00
Kona	0,50	1,64***	0,47	1,61***	0,45	1,56***
Aldur						
18-25 ára		1,00		1,00		1,00
26-35 ára	-0,02	0,98	0,31	1,36***	0,03	0,97
36-45 ára	0,50	1,66***	0,81	2,24***	0,57	2,70***
46-55 ára	0,55	1,73***	0,83	2,30***	0,62	2,11***
Eldri en 55 ára	0,73	2,08***	1,01	2,74***	0,81	3,57***
Menntun						
Ekki háskólapróf				1,00		1,00
Háskólapróf	0,26	1,30***	0,21	1,24***	0,27	1,27**
Búseta						
Utan höfuðborgarsvæðis				1,00		1,00
Á höfuðborgarsvæðinu	-0,23	0,80***	-0,26	0,77***	-0,22	0,66***
χ^2	465,84***		373,69***		436,29***	
Nagelkerke R2	0,05		0,05		0,05	
N	15582		13337		15614	


*** p<0.001, ** p<0.01, * p<0.05, + p<0.10

Exp(b)=Áhættuhlutfall (e. Odds Ratio)

Á mynd 2 er kannað hvort aukning hafi orðið á þolendum sem tilkynna brot til lögreglu á tímabilinu. Vegna smæðar hópsins er tímabilinu eingöngu skipt í tvennt. Munurinn er annars vegar skoðaður fyrir alla svarendur sem greindu frá því að hafa orðið fyrir ofbeldi og hins vegar sérstaklega fyrir þá sem greindu frá því að ofbeldið hafi verið mjög eða frekar alvarlegt. Þetta er gert til þess að tryggja að munur á alvarleika brota á tímabilinu skekki ekki niðurstöður.

Niðurstöður á mynd 2 sýna að hlutfallslega fleiri þolendur kynferðisbrota tilkynntu brotið til lögreglu á seinni hluta tímabilsins heldur en á fyrri, eða 8% á árunum 2018 til

2021 samanborið við 4,3% á árunum 2014 til 2016. Þegar mjög eða nokkuð alvarleg brot eru skoðuð sérstaklega kemur þó í ljós að hlutfallið er það sama. Þegar öll ofbeldisbrot í nánnum samböndum eru skoðuð má sjá að nánast sama hlutfall tilkynnti á fyrri og síðari hluta tímabilsins. Það virðist þó hafa orðið töluverð fjölgun á þolendum sem tilkynna alvarlegt ofbeldi í nánnum sambandi til lögreglu. Mynd 2 gefur til kynna að svipað hlutfall þolenda líkamsárása hafi tilkynnt á árunum 2014 til 2017 og eftir 2017.



Mynd 2. Breyting á hlutfalli þolenda sem tilkynnti ofbeldi til lögreglu⁴

4. Umræða

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvað greinir þolendur ofbeldis sem tilkynna brotið til lögreglu frá þolendum sem gera það ekki. Í rannsókninni var ofbeldi skipt upp í 1) kynferðislegt ofbeldi, 2) ofbeldi í nánnum samböndum (andlegt, líkamlegt og kynferðislegt), og 3) aðrar líkamsárásir, til samanburður við önnur afbrot. Niðurstöður benda til að þolendur kynbundins ofbeldis (sbr. kynferðiofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum) leiti síður til lögreglu en þolendur allra annarra brotaflokkanna. Þetta á sérstaklega við um þolendur kynferðisofbeldis. Af þátttakendum rannsóknarinnar sem höfðu orðið fyrir nokkuð eða mjög alvarlegu kynferðisbroti árinu áður en könnun fór fram, hafði um 12% tilkynnt brotið til lögreglu. Tæplega 23% þolenda alvarlegs ofbeldis í nánnum sambandi tilkynnti til lögreglu. Þetta verður að teljast nokkuð lágt í samanburði við algengi þess að fólk tilkynni aðrar alvarlegar líkamsárásir (50%), innbrot (44%), þjófnað (36%) og eignaskemmdir (23%).

Í samræmi við fyrri rannsóknir (Baumer & Lauritsen 2010; Goudriaan o.fl. 2004;

Kääriäinen & Sirén 2011) var lögð fram sú tilgáta að innan hveffrar tegundar af ofbeldi myndi alvarleiki brotsins hafa sterkustu áhrif á hvort brot er tilkynnt. Niðurstöðurnar styðja þessa tilgátu. Þolendur sem meta ofbeldið gegn sér mjög alvarlegt eru magfalt líklegri til að tilkynna brotið til lögreglu en þeir sem telja það minna alvarlegt. Auk þess benda niðurstöðurnar til að alvarleiki brots hafi sterkari áhrif í kynferðisbrotum en í öðru ofbeldi. Undir 1% þolenda kynferðisbrota sem ekki mátu brotið mjög alvarlegt tilkynntu til lögreglu, en yfir 27% þolenda annars konar líkamsárása sem ekki voru metnar mjög alvarlegar. Þannig virðist þurfa meira til að þolendur kynferðisbrota leiti til lögreglu en þolendur annars konar ofbeldis. Stærsti hópurinn sem mat kynferðisofbeldið gegn sér mjög alvarlegt hafði orðið fyrir nauðgun (samanborið við t.d. grófa kynferðislega áreitni).

Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að karlkyns þolendur afbrota tilkynni síður til lögreglu en konur (Goudriaan o.fl. 2004; Hullenaar & Ruback 2020; James & Lee 2015; Powers o.fl. 2020; Saxton o.fl. 2021; Zaykowski o.fl. 2019). Talið er að ólík félagsmótun karla og kvenna skýri að hluta til þennan mun, að í hugum margra karla sé það veikleikamerki að leita sér aðstoðar (t.d. Messerschmidt 2004). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda þó til að karlar sem verða fyrir líkamsárásu séu líklegri en konur til að leita til lögreglu. Hlutfallslega fleiri konur en karlar verða fyrir kynferðisbrotum, en ólíkt því sem búist var við er ekki kynjamunur í tilkynningum þolenda kynferðisofbeldis. Þrátt fyrir að það fái ekki stuðningur við tilgátur sem settar voru fram að þessu leyti, eru niðurstöður rannsóknarinnar ekki einsdæmi (sjá t.d. Baumer & Lauritsen 2010; Tarling & Morris 2010). Konur eru þó líklegri en karlar til að tilkynna ofbeldi í nánnum samböndum.

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu sem verða fyrir ofbeldi virðast leita frekar til lögreglu en þolendur ofbeldis utan höfuðborgarsvæðisins. Auknar líkur eru á því að þolendur ofbeldis þekki gerendur í dreifbýli sem getur dregið úr vilja til að tilkynna til lögreglu (Hullenaar & Ruback 2020; Slocum 2018). Þessi skýring nær ekki að gera grein fyrir þeim mun sem birtist í tilkynningum á ofbeldi í nánnum samböndum eftir búsetu. Aukin tengsl á litlum svæðum getur þó orðið til þess að þolendur ofbeldis maka eða fyrrum maka leiti síður til lögreglu vegna ótta við að aðrir íbúar frétti af ofbeldi. Í rannsókn Felson og samstarfsmanna (2002) á kom í ljós að algengasta ástæða sem þolendur heimilisofbeldis gáfu fyrir að leita ekki til lögreglu var að ofbeldið hafi verið einkamál.

Almenna munstrið sem birtist í niðurstöðum bendir til að ungt fólk leiti síður til lögreglu en fólk í eldri aldurshópum, sem er í samræmi við rannsóknir annarra landa (Baumer & Lauritsen 2010; Guzy & Hirtenlehner 2015; Hullenaar & Ruback 2020). Þessi niðurstaða er sérstakt áhyggjuefni í ljósi þess að algengast er að fólk verði fyrir ofbeldi á sínum yngri árum. Ólíkt því sem hefur komið fram í fyrri rannsóknum (Boateng 2018; Gutierrez & Kirk 2017; Powers o.fl. 2020) virðist menntun ekki tengjast ákvörðunum þolenda um að tilkynna ofbeldi á Íslandi. Hlutfallslega fleiri þátttakendur í þessari rannsókn sem hafa lokið háskólaprófi en þátttakendur án háskólagráðu tilkynntu ofbeldi til lögreglunnar, en eftir að tekið var tillit til aldurs og annarra þátta var sá munur ekki tölfræðilega marktækur og því ekki hægt að álykta að menntun auki almennt líkur á tilkynningum.

Erlendir fræðimenn (sjá t.d. í Boateng 2018; Xie & Baumer 2019) hafa bent á að ein af skýringum þess að ólík staða fólks í samfélaginu (t.d. vegna aldurs eða menntunar) tengist tilkynningum brota til lögreglu sé vegna ólíkra viðhorfa til lögreglu. Ákveðnir hópar í samfélaginu gætu haft verri reynslu af samskiptum við lögreglu sem ætti þá að draga úr trausti til hennar. Þó ber að hafa í huga að þrátt fyrir að lögregla sé nokkuð sýnileg í samfélaginu hafa fáir reynslu af beinum samskiptum við hana. Almenn viðhorf og traust til lögreglu mótast því af ýmsum þáttum, eins og umræðu í fjölmiðlum, sem þó er ekki endilega í samræmi við raunverulega getu eða vinnulag lögreglu (Carr o.fl. 2007; Slocum 2018). Umræða um fjárskort og manneklu í lögreglunni getur jafnframt dregið úr trausti fólks á getu lögreglu til að bregðast við afbrotum, og því dregið úr tilkynningum án þess að tengjast viðhorfum um framkomu lögreglunnar þegar til hennar er leitað (Hardy 2019). Erlendar rannsóknir benda bæði til þess að traust til lögreglu auki líkur á tilkynningum (Boateng 2018; Goudriaan o.fl. 2004) og að reynslan af því að verða fyrir afbroti og að tilkynna til lögreglu dragi úr trausti (Lee o.fl. 2019; McQueen & Kelty 2019; Kwak o.fl. 2019).

Í þessari rannsókn kemur fram að fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi á síðastliðnum 12 mánuðum (áður en könnun var lögð fyrir) er marktækt ólíklegra til að bera traust til lögreglu en þátttakendur sem ekki hafa slíka reynslu. Þetta samband var til staðar eftir að stjórnad var fyrir þáttum sem bæði tengjast líkum á að verða fyrir ofbeldi og trausti til lögreglu (t.d. aldur). Enn fremur kemur fram að þolendur kynbundins ofbeldis sem tilkynntu brotið til lögreglu eru ólíklegri til að bera traust til lögreglu en þolendur sem tilkynntu ekki. Þetta á hins vegar ekki við um þolendur annarra líkamsárása, þar sem tilkynning tengist auknu trausti til lögreglu. Í þessu samhengi mætti velta fyrir sér hvort reynslan af því að leita til lögreglu vegna kynbundins ofbeldis sé erfðari fyrir þolendur heldur en reynslan af því að tilkynna annað ofbeldi sem endurspeglast í minna trausti til lögreglu í kjölfarið. Í rannsókn sem framkvæmd var hér á landi árið 2005 (Rannveig Þórisdóttir o.fl. 2005) kom fram að óánægja þolenda kynferðisbrota fælist fyrst og fremst í því að lögreglan hafi ekki gert nóg í málinu eða sýnt því nægan áhuga. Þetta er því þáttur sem lagt er til að sé kannaður með ítarlegri hætti í frekari rannsóknum.

Mikilvægt er að fylgjast með breytingum á vilja borgaranna til að tilkynna brot til lögreglu. Aukin tilhneiging til að tilkynna til lögreglu getur skekkt opinbera afbrotatölfraði þannig að það líti út fyrir að afbrotum sé að fjölga. Breytingar á ákvörðunum fólks um að leita til lögreglu getur jafnframt gefið innsýn í viðhorf fólks til þess hvernig viðeigandi sé að bregðast við afbrotum, m.a. hvort bregðast beri við þeim í réttarkerfinu eða utan þess. Á síðustu árum hefur farið mikið fyrir umræðu í samfélaginu um kynferðisbrot. Markmið samfélagsmiðlahreyfinga á borð við #freethenipple og #metoo hefur verið að draga úr þolendaskömm í kynferðisbrotum. Í þessari rannsókn var tímabilið 2014 til 2017 var borið saman við 2018 til 2021. Niðurstöður benda til að það hafi orðið aukning á tilkynningum kynferðisbrota, en þegar alvarleg brot voru greind sérstaklega var hlutfallið það sama á fyrri og seinna tímabilinu. Það má því vera að umræða í samfélaginu hafi orðið til þess að þolendur sem urðu fyrir minna alvarlegum kynferðisbrotum (að eigin mati) hafi þótt meira tilefni til að tilkynna brotin til lögreglu eftir 2017 en fyrir.

Niðurstöður benda einnig til að það hafi orðið nokkur aukning á hlutfalli þolenda alvarlegs ofbeldis í nánnum samböndum, en nánast engin breyting á tilkynningum um aðrar líkamsárásir.

Í greininni hefur verið farið yfir takmarkanir opinberra lögreglugagna og mögulegar skekkjur í þeim. Hér ber þó að nefna að mælingar á afbrotum með spurningakönnunum eru einnig háðar vissum takmörkunum. Í fyrsta lagi er ósennilegt að viðkvæmstu hópar samfélagsins, fólk sem er í mikilli hættu á að verða fyrir ofbeldi, taki þátt í könnunum sem sendar eru með tölvupósti, og geta tekið langan tíma í svörun. Kannanirnar sem gögn rannsóknarinnar byggja á voru eingöngu lagðar fyrir á íslensku og ekki var spurt um uppruna fólks. Auk þess hefur ekki verið fjallað um hinsegin fólk sem samkvæmt erlendum rannsóknum er í aukinni hættu á að verða fyrir ofbeldi og einhverjar vísibendingar um að það leiti síður til lögreglu en aðrir hópar (Davies o.fl. 2017). Þá má einnig nefna að í stöðluðum spurningakönnunum er erfitt að safna mjög ítarlegum upplýsingum sem gætu skipt máli í ákvörðunum um að tilkynna til lögreglu.

Í rannsókninni hefur komið fram mikilvæg ný þekking á ákvörðunum þolenda ofbeldis á að tilkynna til lögreglu. Rannsóknin er ekki síður mikilvæg fyrir stefnumótun í réttarkerfinu en sem fræðileg viðbót um viðbrögð fólks við ofbeldi. Ekki er hægt að bregðast við afbrotum í réttarkerfinu nema til lögreglu sé leitað og án þess hafa formlegar refsingar ekki fælingarmátt (Hanson o.fl. 2003). Mikilvægt er þó að taka fram að það er ekki á ábyrgð þolenda að halda uppi varnaðaráhrifum réttarkerfisins. Í ljósi háværa umræðu um lágt sakfellingarhlutfall er skiljanlegt að margir þolendur telji það ekki svara kostnaði að tilkynna. Flestir þolendur ofbeldis vilja koma í veg fyrir að gerandi brjóti aftur á þeim eða öðru fólki, og að upplifa einhverskonar réttlæti (Felson o.fl. 2002; Hildur Fjóla Antonsdóttir 2019). Það er þó fjarri lagi að eina leiðin til að draga úr ítrekun brota eða að tryggja réttlæti fyrir þolendur felist í tilkynningu til lögreglu.

Þakkir

Höfundur þakkar embætti ríkislögreglustjóra og embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir aðgang að gögnum. Rannsóknin er styrkt af Vísindasjóði Háskólans á Akureyri.

Aftanmálsgreinar

- 1 Aðferð Gallup við val á úrtaki var með sama hætti og Félagsvísindastofnunar
- 2 Nánari upplýsingar um gögn, gagnaöflun og spurningalista má finna á vef lögreglunnar: <https://www.logreglan.is/utgafa/fracdilegar-rannsoknir/reynsla-almennings-af-afbrotum-og-vidhorf-til-logreglu/6>
- 3 Í skýrslum lögreglunnar er birt hlutfall þolenda sem varð fyrir hótun/ógnun, líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi í nánu sambandi (þ.e.a.s. ekki eru notuð svör þeirra sem merktu eingöngu við svarmöguleika 1 til 4 (sjá t.d.: <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/02/Reynslalandsmanna-af-afbrotum-og-oryggi-ibua-2020-spurt-2020.pdf>)
- 4 Tilkynningar fyrir ofbeldi í nánnum samböndum vantar fyrir árið 2014 og upplýsingar um tilkynningar fyrir kynferðisbrot árið 2017 voru ekki aðgengilegar

Heimildir

- Avakame, E.F., Fyfe, J.J. og McCoy, C. (1999). „Did you call the police? What did they do? An empirical assessment of Black's theory of mobilization of law“, *Justice Quarterly* 16(4), 765–792.
- Bachman, R. (1993). „Predicting the reporting of rape victimizations: Have rape reforms made a difference?“ , *Criminal Justice and Behavior* 20(3), 254–270.
- Bachman, R. (1998). „The factors related to rape reporting behavior and arrest: New evidence from the National Crime Victimization Survey“, *Criminal Justice and Behavior* 25(1), 8–29.
- Baumer, E.P. og Lauritsen, J.L. (2010). „Reporting crime to the police, 1973-2005: A multivariate analysis of long-term trends in the National Crime Survey (NCS) and National Crime Victimization Survey (NCVS)“, *Criminology* 48(1), 131-185.
- Boateng, F.D. (2018). „Crime reporting behavior: Do attitudes toward the police matter?“ , *Journal of Interpersonal Violence* 33(18), 2891–2916.
- Boethius, S. og Åkerström, M. (2020). „Revealing hidden realities: Disclosing domestic abuse to informal others“, *Nordic Journal of Criminology* 21(2), 186–202.
- Burczycka, M., Conroy, S. og Canadian Centre for Justice Statistics (2018). *Family violence in Canada: A statistical profile, 2016*. Sótt af <https://www150.statcan.gc.ca/n1/en/pub/85-002-x/2018001/article/54893-eng.pdf?st=pHHnsg27>
- Carr, P.J., Napolitano, L. og Keating, J. (2007). „We never call the cops and here is why: A qualitative examination of legal cynicism in three Philadelphia neighborhoods“, *Criminology* 45(2), 445–480.
- Ceelen, M., Dorn, T., Huis, F.S. van og Reijnders, U.J.L. (2019). „Characteristics and post-decision attitudes of non-reporting sexual violence victims“, *Journal of Interpersonal Violence* 34(9), 1961–1977.
- Cleere, C. og Lynn, S.J. (2013). „Acknowledged versus unacknowledged sexual assault among college women“, *Journal of Interpersonal Violence* 28(12), 2593–2611.
- Connell, R. (2014). „The study of masculinities“, *Qualitative Research Journal* 14(1), 5-15.
- Du Mont, J., Miller, K.L. og Myhr, T.L. (2003). „The role of „real rape“ and „real victim“ stereotypes in the police reporting practices of sexually assaulted women“, *Violence Against Women* 9(4), 466–486.
- Dworkin, E.R., Menon, S.V., Bystrynski, J. og Allen, N.E. (2017). „Sexual assault victimization and psychopathology: A review and meta-analysis“, *Clinical Psychology Review* 56, 65–81.
- Felson, R.B., Messner, S.F., Hoskin, A.W. og Bean, G. (2002). „Reasons for reporting and not reporting domestic violence to the police“, *Criminology* 40(3), 617–648.
- Goudriaan, H., Lynch, J.P. og Nieuwebeerta, P. (2004). „Reporting to the police in western nations: A theoretical analysis of the effects of social context“, *Justice Quarterly* 21(4), 933–969.
- Greenberg, M.S. og Ruback, R.B. (2012). *After the crime: Victim decision making (vol. 9)*. New York: Springer Science & Business Media.
- Gutierrez, C.M. og Kirk, D.S. (2017). „Silence speaks: The relationship between immigration and the underreporting of crime“, *Crime & Delinquency* 63(8), 926–950.
- Guzy, N. og Hirtenlehner, H. (2015). „Trust in the German police: Determinants and consequences for reporting behavior“, í G. Mesko og J. Tankebe (ritstj.), *Trust and Legitimacy in Criminal Justice: European Perspective* (bls. 203–229). New York: Springer.
- Hanson, R.K., Morton, K.E. og Harris, A.J. (2003). „Sexual offender recidivism risk: What we know and what we need to know“, *Annals of the New York Academy of Sciences* 989(1), 154–166.
- Hardy, S.J. (2019). „Layers of resistance: Understanding decision-making processes in relation to crime reporting“, *International Review of Victimology* 25(3), 302-319.
- Hildur Fjólá Antonsdóttir (2019). *Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota*. Reykjavík: Stjórnarráðið.
- Hildur Fjólá Antonsdóttir og Þorbjörg Gunnlaugsdóttir (2013). *Tilkynntar nauðganir til lögreglu á árunum 2008 og 2009: Um afbrotið nauðgun, sakborning, brotþola og málsmeðferð*. Reykjavík: EDDA Rannsóknarsetur.

- Hu, X., Dai, M., Devalve, M. og Lejeune, A. (2020). „Understanding public attitudes towards the police: Co-variates of satisfaction, trust, and confidence“, *Canadian Journal of Criminology and Criminal Justice* 62, 26–49.
- Hullenaar, K.L. og Ruback, R.B. (2020). „Gender interaction effects on reporting assaults to the police“, *Journal of Interpersonal Violence* 36, 23-24.
- James, V.J. og Lee, D.R. (2015). „Through the looking glass: Exploring how college students' perceptions of the police influence sexual assault victimization reporting“, *Journal of Interpersonal Violence* 30(14), 2447–2469.
- Kääriäinen, J. og Sirén, R. (2011). „Trust in the police, generalized trust and reporting crime“, *European Journal of Criminology* 8(1), 65–81.
- Kwak, H., Dierenfeldt, R. og McNeeley, S. (2019). „The code of the street and cooperation with the police: Do codes of violence, procedural injustice, and police ineffectiveness discourage reporting violent victimization to the police?“, *Journal of Criminal Justice* 60, 25–34.
- Langton, L., Berzofsky, M., Krebs, C.P. og Smiley-McDonald, H. (2012). *Victimizations not reported to the police, 2006-2010*. Washington, DC: US Department of Justice.
- Larsen, M., Hilden, M., Skovlund, C.W. og Lidegaard, Ø. (2016). „Somatic health of 2500 women examined at a sexual assault center over 10 years“, *Acta Obstetrica et Gynecologica Scandinavica* 95(8), 872–878.
- Lee, H.D., Cao, L., Kim, D. og Woo, Y. (2019). „Police contact and confidence in the police in a medium-sized city“, *International Journal of Law, Crime and Justice* 56(1), 70–78.
- Lysova, A. og Dim, E.E. (2020). „Severity of victimization and formal help seeking among men who experienced intimate partner violence in their ongoing relationships“, *Journal of Interpersonal Violence* 37, 1404-1429.
- Mansfield, A.K., Addis, M.E. og Mahalik, J.R. (2003). „Why won't he go to the doctor?: The psychology of men's help seeking“, *International Journal of Mens Health* 2, 93–110.
- Marchetti, C.A. (2012). „Regret and police reporting among individuals who have experienced sexual assault“, *Journal of the American Psychiatric Nurses Association* 18(1), 32–39.
- Margrét Valdimarsdóttir (2021). *Viðborf landsmanna til þjónustu og starfa lögreglu*. Reykjavík: Félagvisindastofnun Háskóla Íslands.
- McQueen, E.J. og Keltz, S.F. (2019). „Reporting Sexual Assault: Can Knowledge of How to Protect Forensic Evidence Influence Intentions to Report?“, *Journal of Interpersonal Violence* 36, 11367-11391.
- Messerschmidt, J.W. (2004). *Flesh and blood: Adolescent gender diversity and violence*. Lanham: Rowman & Littlefield.
- Mgolozeli, S.E. og Duma, S.E. (2020). „They all laughed and asked me if I enjoyed having sex with those guys: Exploring men's lived experiences when reporting rape to police in South Africa“, *PLOS ONE* 15(8), e0235044.
- Morabito, M.S., Pattavina, A. og Williams, L.M. (2019). „It all Just piles up: Challenges to victim credibility accumulate to influence sexual assault case processing“, *Journal of Interpersonal Violence* 34(15), 3151–3170.
- Morgan, R.E. og Oudekerk, B.A. (2019). *Criminal victimization, 2018*. Washington, DC: US Department of Justice.
- Pinciotti, C.M. og Seligowski, A.V. (2019). „The influence of sexual assault resistance on reporting tendencies and law enforcement response: Findings from the National Crime Victimization Survey“, *Journal of Interpersonal Violence* 36(19-20), NP11176-NP11197.
- Pino, N.W. og Meier, R.F. (1999). „Gender differences in rape reporting“, *Sex Roles* 40(11), 979–990.
- Powers, R.A., Khachatryan, N. og Socia, K.M. (2020). „Reporting victimisation to the police: The role of racial dyad and bias motivation“, *Policing and Society* 30(3), 310-326.
- Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir (2005). *Brotápolar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórn.

- Reaves, B.A. (2017). *Police response to domestic violence, 2006-2015*. Washington, DC: US Department of Justice.
- Resnick, H.S., Walsh, K., Schumacher, J.A., Kilpatrick, D.G. og Acierno, R. (2013). „Prior substance abuse and related treatment history reported by recent victims of sexual assault“, *Addictive Behaviors* 38(4), 2074–2079.
- Ruback, R.B., Ménard, K.S., Outlaw, M.C. og Shaffer, J.N. (1999). „Normative advice to campus crime victims: Effects of gender, age, and alcohol“, *Violence and Victims* 14(4), 381-396.
- Ruback, R.B. og Thompson, M.P. (2001). *Social and psychological consequences of violent victimization*. New York: Sage.
- Saxton, M.D., Olszowy, L., MacGregor, J.C.D., MacQuarrie, B.J. og Wathen, C.N. (2021). „Experiences of intimate partner violence victims with police and the justice system in Canada“, *Journal of Interpersonal Violence* 36(3–4), NP2029-2055NP.
- Slocum, L.A. (2018). „The effect of prior police contact on victimization reporting: Results from the police–public contact and National Crime Victimization Surveys“, *Journal of Quantitative Criminology* 34(2), 535–589.
- Spencer, C., Stith, S., Durtschi, J. og Toews, M. (2020). „Factors related to college students’ decisions to report sexual assault“, *Journal of Interpersonal Violence* 35(21–22), 4666–4685.
- Spohn, C. og Tellis, K. (2012). „The criminal justice system’s response to sexual violence“, *Violence against Women* 18(2), 169–192.
- Tarling, R. og Morris, K. (2010). „Reporting crime to the police“, *The British Journal of Criminology* 50(3), 474–490.
- Thompson, M., Sitterle, D., Clay, G. og Kingree, J. (2007). „Reasons for Not Reporting Victimization to the Police: Do They Vary for Physical and Sexual Incidents?“, *Journal of American College Health* 55(5), 277–282.
- Torrente, D., Gallo, P. og Oltra, C. (2017). „Comparing crime reporting factors in EU countries“, *European Journal on Criminal Policy and Research* 23(2), 153–174.
- Tómas Bjarnason (2014). „Traust í kreppu: Traust til Alþingis, lögreglu, stjórnámálmanna og forseta Íslands í kjölfar hrunsins“. *Íslenska hjóðfélagið* 5(2), 19–38.
- Tsui, V., Cheung, M. og Leung, P. (2010). „Help seeking among male victims of partner abuse: Men’s hard times“, *Journal of Community Psychology* 38(6), 769–780.
- van de Weijer, S., Leukfeldt, R. og van der Zee, S. (2020). „Reporting cybercrime victimization: Determinants, motives, and previous experiences“, *Policing: An International Journal* 43(1), 17–34.
- Wolitzky-Taylor, K.B., Resnick, H.S., McCauley, J.L., Amstadter, A.B., Kilpatrick, D.G. og Ruggiero, K.J. (2011). „Is reporting of rape on the rise? A comparison of women with reported versus unreported rape experiences in the National Women’s Study-Replication“, *Journal of Interpersonal Violence* 26(4), 807–832.
- World Economic Forum (2021). *Global gender gap report*. Sótt af https://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2021.pdf
- Xie, M. og Baumer, E.P. (2019). „Crime Victims’ Decisions to call the police: Past research and new directions“, *Annual Review of Criminology* 2(1), 217–240.
- Zaykowski, H., Allain, E.C. og Campagna, L.M. (2019). „Examining the Paradox of Crime Reporting: Are Disadvantaged Victims More Likely to Report to the Police?“, *Law & Society Review* 53(4), 1305–1340.

